

**Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum og trúnaðarstörfum
bæjarfulltrúa, fulltrúa í ráðum og hafnarstjórn utan bæjarstjórnar, ráða og hafnarstjórnar.**

1. gr.

Reglum þessum er ætlað að veita almenningi upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni og trúnaðarstörf bæjarfulltrúa og ráðsfulltrúa utan bæjarstjórnar og þar með auka gagnsæi á störfum bæjarstjórnar.

2.gr.

Reglurnar taka til aðalmanna í bæjarstjórn, bæjarráði, fjölskylduráði, fræðsluráði, umhverfis- og framkvæmdaráði, skipulags- og byggingarráði og hafnarstjórn.

Fulltrúar skulu innan mánaðar frá því að nýkjörin bæjarstjórn kemur saman gera opinberlega grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan bæjarstjórnar, ráða og hafnarstjórnar.

Fulltrúar skulu viðhalda skráningu sinni með því að skrá nýjar upplýsingar og viðbótarupplýsingar innan mánaðar frá því að þær liggja fyrir.

Skylda til að skrá upplýsingar samkvæmt reglum þessum tekur einnig til, varabæjarfulltrúa sem taka fast sæti í bæjarstjórn og varamanna í ráðum og hafnarstjórn sem taka fast sæti í ráði eða hafnarstjórn..

3.gr.

Bæjarskrifstofa skal halda skrá, og birta opinberlega, um fjárhagslega hagsmuni fulltrúa í bæjarstjórn, ráðum og hafnarstjórn, svo og um trúnaðarstörf þeirra utan bæjarstjórnar, ráða og hafnarstjórn.

Skráin er byggð á upplýsingum sem fulltrúi lætur sjálfur í té og færir á rafrænt eyðublað. Innfærslan skoðast sem samþykki fyrir skráningu og að upplýsingarnar séu veittar eftir bestu samvisku og að nýjar upplýsingar verði færðar inn eftir því sem aðstæður breytast.

Við skráningu upplýsinga skal fylgja að fullu fyrirmælum þessara reglna.

4. gr.

Eftirfarandi fjárhagslegir hagsmunir skulu skráðir:

1. *Launuð starfsemi.*

- a. Launuð stjórnarseta í einkareknum eða opinberum félögum. Staða og félag skulu skráð.
- b. Launað starf eða verkefni (annað en launuð störf vegna setu í bæjarstjórn, ráði og hafnarstjórn). Starfsheiti og nafn vinnuveitanda eða verkkaupa skulu skráð.
- c. Starfsemi sem unnin er samhliða starfi bæjarfulltrúa og fulltrúa í ráði og hafnarstjórn og er tekjumyndandi fyrir hann eða félag sem hann á sjálfur eða er meðeigandi í. Tegund starfsemi skal skráð.

- d. Greiðslur frá Hafnarfjarðarbæ sem ekki falla undir framangreinda liði. Tegund greiðslna skal skráð.2. *Fjárhagslegur stuðningur, gjafir, utanlandsferðir og eftirgjöf eftirstöðva skulda.*
- a. Fjárframlag eða annar fjárhagslegur stuðningur frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum, þ. á m. stuðningur í formi skrifstofuaðstöðu eða hliðstæðrar þjónustu, sem fellur utan þess stuðnings sem Hafnarfjörður eða flokkur bæjarfulltrúa, fulltrúa í ráði eða hafnarstjórn lætur í té, og verðgildi stuðnings nemur meira en 60 þús. kr. á ári. Enn fremur skal skráður fjárhagslegur stuðningur í formi afsláttar af markaðsverði og annars konar ívilnunar að verðmæti meira en 60 þús. kr. sem ætla má að sé veittur vegna setu í bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn. Skráð skal hver veitir stuðninginn og hvers eðlis hann er.
 - b. Gjöf frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum þegar áætla verður verðmæti hennar yfir 60 þús. kr. og gjöfin sé veitt út af setu í bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn. Skrá skal nafn þess sem gefur, tilefni gjafar, hvers kyns hún er og hvenær hún er látin í té.
 - c. Ferðir og heimsóknir innan lands og utan sem geta tengst setu í bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn og útgjöldin eru ekki að öllu leyti greidd af bæjarsjóði, flokki fulltrúans eða fulltrúanum sjálfum. Skrá skal hver stóð undir útgjöldum ferðar, tímabil hennar og nafn áfangastaða.
 - d. Eftirgjöf eftirstöðva skuldar og ívilnandi breytingar á skilmálum samnings við lánardrottin, sem ætla má að sé veitt vegna setu í bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn. Skrá skal lánardrottin og eðli samningsins.

3. *Eignir.*

- a. Fasteign, sem er að einum þriðja eða meira í eigu fulltrúa í bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn, eða félags sem hann á 1/4 hlut í eða meira, annað en húsnæði til eigin nota fyrir fulltrúa og fjölskyldu hans og lóðarréttindi undir slíkt húsnæði. Skrá skal heiti landareignar og staðsetningu fasteignar.
- b. Heiti félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri, sem fulltrúi í bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn á hlut í og fer yfir einhver eftirtalinn viðmiða:
 1. Verðmæti hlutar nemur að markaðsverði meira en einni milljón króna miðað við 31. desember ár hvert.
 2. Hluttur nemur 1% eða meira í félagi, sparisjóði eða sjálfseignarstofnun þar sem eignir í árslok eru 230 m.kr. eða meira eða rekstrartekjur 460 m.kr. eða meira.
 3. Hluttur nemur 25% eða meira af hlutafé eða stofnfé félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar.

4. *Skuldir.*

- a. Lánadrottinn sem fulltrúi í bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn skuldar og er hærri en kr. 2.500.000 miðað við 31. desember ár hvert.

5. *Samkomulag við fyrrverandi eða verðandi vinnuveitanda.*

- a. Samkomulag við fyrrverandi vinnuveitanda sem er fjárhagslegs eðlis, þar á meðal samkomulag um orlof, launalaust leyfi, áframhaldandi launagreiðslur eða fríðindi, lífeyrisréttindi og ámóta meðan setið er í bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn. Skrá skal gerð samkomulags og nafn vinnuveitanda.
- b. Samkomulag við framtíðarvinnuveitanda um ráðningu, óháð því að ráðningin taki fyrst gildi eftir að fulltrúi hverfur úr bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn. Skrá skal gerð samkomulags og nafn vinnuveitanda.

Ekki skal skrá fjárhæð eða verðgildi þeirra þátta sem eru tilgreindir í greininni. Heimilt er að fella brott upplýsingar, sem getið er um í 2. tölul. greinarinnar þegar fjögur ár eru liðin frá upphaflegri skráningu.

5. gr.

Skráðar skulu upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félög önnur en stjórnmalaflokka óháð því hvort þessi störf eru launuð. Skrá skal nafn félags, hagsmunasamtaka, stofnunar eða sveitarfélags og eðli trúnaðarstarfs.

6. gr.

Fulltrúar í bæjarstjórn, ráði og hafnarstjórn skrá upplýsingar á rafræn eyðublað innan mánaðar eftir að nýkjörin bæjarstjórn kemur saman eða varabæjar-, ráðs eða hafnarstjórnarfulltrúi hefur tekið fast sæti fulltrúa í bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn. Nýjar upplýsingar skv. 2. og 3. gr., þar með taldar upplýsingar um nýfengna hluti í félögum eða breytingar á áður skráðum upplýsingum, skulu skráðar innan mánaðar eftir að upplýsingarnar liggja fyrir. Rafrænt skráningarblað sem notað er skal staðfest af forsetanefnd. Skráning að loknum bæjarstjórnarkosningum skal vera aðgengileg almenningi á vef Hafnarfjarðar innan 20 virkra daga eftir að skráningarfrestur er runninn út. Starfsmaður, sem sviðsstjóri stjórnsýslusviðs tilnefnir, hefur umsjón með skráningunni og veitir tæknilega aðstoð eftir því sem þörf er á. Upplýsingar skulu fjarlægðar af vef Hafnarfjarðar þegar fulltrúi í bæjarstjórn, ráði eða hafnarstjórn lætur af störfum.

7. gr.

Reglurnar taka þegar gildi og verða skráðar upplýsingar aðgengilegar á vef Hafnarfjarðar frá 1. september 2016. Reglurnar verði yfirfarnar og endurskoðaðar af forsetanefnd eftir þörfum a.m.k. árlega.

Samþykkt í bæjarstjórn 8. júní 2016